## BYGGINGARLÝSING

**Innra fyrirkomulag:** Húsið er á tveim hæðum og tengist gangur í stækkun beint inn í miðrými fyrri áfanga. Í stækkun eru tvær kennslustöðvar ásamt hópvinnuherbergi og vinnuherbergi á hvorri hæð.

**Grunnur:** Á byggingarsvæðinu er grunnt niður á mjög þétta móhellu eða sprungna klöpp. Hreinsa skal úr grunni niður á fastan botn, og sökklar steypist beint á móhelluna / klöppina.

**Burðarvirki:** Gólf, útveggir og burðarveggur á neðri hæð eru úr staðsteyptri steinsteypu. Hefðbundin járnbending er í húsinu. Burðarvirki þaks er úr límtré. Þak er borið af límtrésbita langsum eftir mæni með límtré súlu undir miðju, en límtrésperrum eftir þakhallanum.

**Frágangur að utan:** Útveggir eru múrhúðaðir og málaðir á sama hátt og fyrri áfangi. Gluggar eru úr tré og málaðir. Þak er klætt hefðbundinni borðaklæðningu, þakpappa og bárujárni.

**Frágangur að innan:** Útveggir eru einangraðir með plasti og múrhúðaðir á sama hátt og í fyrri áfanga. Steyptir innveggi eru einnig múrhúðaðir. Aðrir innveggir eru úr málmstoðum, einangraðir og klæddir með krossviði og gibsplötum, en hluti innveggja er einnig með gleri. Steypt loft yfir neðri hæð er með innsteyptum hljóðgleypandi tréullarplötum í flokki 1. Þak er einangrað með steinull og klætt hljóðgleypandi tréullarplötum í flokki 1. Lögð er áhersla á góða hljóðvist.

**Loftræsting og lagnakerfi:** Húsið er loftræst um opnanlega glugga og hitað með hefðbundnu ofnakerfi sem tengt er fyrri áfanga. Í húsinu er hefðbundið rafkerfi, fjarskipta og gagnamiðlunarkerfi, sjálfvirkt öryggis og brunaviðvörunarkerfi, neyðarlýsing og merkiljós á rýmingarleiðum.

**Brunahönnun:** Aðalteikningum fylgja sérstakir uppdrættir merktir BRUNAHÖNNUN þar sem fram koma rýmingarleiðir og eldvarnarlokarir.

**Aðgengi hreyfihamlaðra:** Báðar hæðir stækkunar eru hvor um sig í sama fleti og fyrri áfangi.

**Litir utanhúss:** Stækkun málist í sömu litum og fyrri áfangar hússins

**Skilgreining texta og forsendur:** Nöfn á rýmun vísa til þeirra nota sem þau eru ætluð. Stærð rýma er nettogrunnflötur innar endanlegs yfirborðs veggja.

Samþ. 07.12.2004




GRUNNMYND NEÐRI HÆÐ 1:100




= Veggur úr steinsteypu
= Veggur úr málmstoðum, klæddur gifsi.
= Gifsveggur með gleri

GRUNNMYND EFRI HÆÐ 1:100

GRUNNSKÓLI BLÁSKÓGABYGGÐAR
REYKHOLTI, STÆKKUN 2. ÁFANGI

MAGGI JÓNSSON ARKITEKT
Ásvallagötu 6 s. 552 1840
Reykjavík 30.10. 2004 S.I.
Verkefni nr. 178 Teikn. nr.005